

Nr. 21/1875:

Rjettvísing

gegn

Gísla Jónssyni.

Dómur.

Með því að það ekki er tekið fram í stefnu þeirri, sem undirdómarinn hefur ritað á dómsgjörðirnar í máli þessu, að dómi undirrjettarins sje áfryjað til yfirdómsins samkvæmt tilskipun 31. maí 1805, sem þó með berum orðum er fyrirskipað í tjeðri tilskipun, þá ber að vísa málinu frá yfirdóminum.

Því dæmist rjett að vera:

Málinu víasast frá yfirdóminum.

Mánudaginn 15. nóvembermán.

Nr. 8/1875:

Rjettvísing

gegn

Bjarna Bjarnasyni.

Dómur.

Með eigin játningu hins ákærða Bjarna Bjarnasonar á Móabæ í Gullbringusýslu og öðrum undir málinu fram komnum upplýsingum er það löglega sannað, að hann hafi gjört sig sekan í innbrotsþjófnaði úr læstu úti- og geymsluhúsi á bænum Meidastöðum í Garði, sem Árni hreppstjóri Þorvaldsson átti þar, með þeim atvikum, sem hjer segir.

Aðfaranótt hins 10. september f. á. var maður staddur á Meidastöðum og dvaldist þar fram á kveldið, en þegar hann ætlaði á stað, vantaði hann hest sinn, og þegar hann fór að skygnast eptir honum, kom hann í leitinni niður að sjónum, þar sem húsið stóð; tók hann þá eptir, að einhver var inni í húsinu, og gekk að dyrunum, er stóðu í hálfu gátt; gekk hann þá inn

og hitti ákærða þar fyrir með ljós. Ákærði var þá að láta í poka saltfisk, er hann tók úr fiskastakki, sem stóð í húsinu; átti maður þessi þá tal við ákærða, en þó helzt um það, að ákærði bað hann innilega að láta þess við engan getið, hvørs hann hefði orðið var. Fiskinn, sem er virtur á 4 kr., ljet ákærði á eptir inn í verzlun í Keflavík ásamt sínum eigin fiski. Í húsið, sem er langt frá öllum íveruhúsum, fór ákærði með gömlum lykli, sem hann átti sjálfur, og hafði fundið í rusli sínu.

Undirdómarinn, sem dæmdi ákærða eptir 230. grein hegningarlagna í 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð, hefur álitnið, að lásinn ekki hafi verið forsvaranlegur, því hann hafi verið einn af þeim venjulegu, sem almennt eru seldir í kaupstaðnum, hver öðrum líkur, en hann kom ekki til sýnis í prófunum, og á þessu atriði hefur hann byggt dóm sinn, sem og á því, að ákærði gat lokið honum upp með sínum eigin lykli; en það getur ekki komið ákærða til málsbóta í þessu efni, þó hann ætti sjálfur lykilinn, sem hann fór í húsið með, eins og lásinn fyrir húsinu á hinn bóginn verður að álitast forsvaranlegur, þó fleiri lykjar, en sá rjetti, gengju að honum. Brot hins ákærða, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna, og eigi hefur áður sætt ákæru nje hegningu fyrir neitt lagabrot, ber því að heimfæra undir 231. grein 4. atr. í hegningarlögunum, og virðist hegningin þá hæfilega metin til 8 mánaða betrunarhússvinnu eptir hinum tilvitnaða lagastað. Þessu samkvæmt ber því að breyta undirrjettardómnum, hvað hegninguna snertir, en hvað málskostnað og iðgjöld hins stolna snertir, að staðfesta. Svo borgar hinn ákærði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfir-dómnum 10 krónur til hvors um sig.

Mál þetta hefur staðið lengi yfir, en það er að mestu leyti því að kenna, að hegningarfottorð þau, sem yfirdómurinn hafði beðið um, komu svo seint frá hlutaðeigandi sýslumönnum. Á birting undirrjettardómsins hefur og staðið lengur, en þörf virðist hafa verið til; en hjer virðist þó ekki ástæða til að láta þennan drátt varða ábyrgðar, og því vottast, að rekstur og meðferð málsins í hjeraði hafi verið vítalaus. Flutningur málsins við yfirdóminn hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Bjarni Bjarnason á að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði, að öðru leyti á undirrjettardómurinn óraskaður að standa. Ákærðaber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Jóns Guðmundssonar (eða dánarbús hans) og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 26/1875:

Rjettvísín

gegn

Magnúsi Jónssyni.

D ó m u r.

Hinn ákærði Magnús Jónsson, vinnumaður frá Hjarðarholti í Dölum, er undir máli þessu ákærður fyrir